

Malbikunarstöðin Höfði hf.  
Elín Ásgeirsdóttir  
Sævarhöfða  
112 Reykjavík

Reykjavík, 21. september 2022  
UST202203-007/D.A.M.  
08.08.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 12. september 2022 þar sem óskað var eftir úrbótaáætlun vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 7. desember 2021. Þann 19. september 2022 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Við móttöku, geymslu og flutning á hráefnum skal rykmengun haldið í lágmarki með því að hindra fok t.d. með skjólveggjum með a.m.k. þremur hliðum, eftir atvikum einnig með þaki, eða með því að nota vökvunarbúnað sem þolir frost og íslenskar veðuraðstæður. Rykmengun skal halda í lágmarki með því t.d. að reisa skjólveggi. **Rekstraraðili hefur látið steypa einingar og útbúið hólfr fyrir steinefni til að draga verulega úr fínefnamengun. Rekstraraðili áætla að framkvæmdum þessum verði ekki lokið fyrr en 1. ágúst 2023.**
2. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Áfyllingar og meðferð olíufna (t.d. úðun vörubílsþalla) skulu fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfall í lágsta punkti sem tengt er olíuskilju og sandfangi. **Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi varðandi þetta ákvæði þar sem hann telur það ekki eiga við í dag.**
3. Gr. 3.8 í starfsleyfi. Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar, nr. 884/2017. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka. **Rekstraraðili hefur hafist handa við að ganga frá árekstrarvörn og lekavörn fyrir díselgeyminn sem staðsettur er við malbikunarstöðina. Rekstraraðili áætla að framkvæmdum þessum verði lokið fyrir 1. nóvember 2022.**
4. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í greinum 3.6 og 3.7. **Rekstraraðili hefur sent stofnuninni niðurstöður úr mælingum fyrir 2022.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gottskálk Friðgeirsson  
sérfræðingur

Daníel Arnar Magnússon  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis